

Fundargerð 843. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 28. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Margrét Lind Ólafsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Ragnar Frank Kristjánsson, Gunnar Einarsson, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Eiríkur Björn Björgvinsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Málmeðferðarreglur siðanefndar - 1605106SA

Lagðar fram til staðfestingar málmeðferðarreglur Siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem siðanefnd sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 9. júní sl.

Á fundinn komu fulltrúar í siðanefnd sambandsins – Sigurður Kristinsson formaður, Erling Ásgeirsson og Anna Guðrún Björnsdóttir, ásamt starfsmanni nefndarinnar Vali Rafni Halldórssyni – og gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar og þeim drögum að málmeðferðarreglum siðanefndar sem liggja fyrir stjórn sambandsins til staðfestingar, sbr. 4. tölulið fundargerðar 841. fundar stjórnar sambandsins 24. júní 2016.

Stjórn sambandsins staðfesti samhljóða málmeðferðarreglur siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Siðanefndin vék af fundi kl. 12:45.

2. Fundargerð 842. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 842. fundar frá 2. september 2016.

Fundagerðin staðfest og undirrituð.

3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 32. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 27. september 2016.

Samþykkt var að á næsta stjórnarfundum muni Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem sat í starfshópi um gerð frumvarpa til laga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um þjónustu við fatlað fólk, kynna helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvörpunum.

4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lagðar fram fundargerðir 101. og 102. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 12. september og 17. október 2016.

Stjórn sambandsins samþykkti að taka undir bókun skólamálanefndar í 1. tölulið fundargerðar 101. fundar nefndarinnar um kennaraskort í grunnskólum sem er fyrirsjáanlegur á næstu misserum.

Jafnframt var sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs falið að taka saman minnisblað um fyrirsjáanlega kennaraskort og hugmyndir sambandsins um lausn á þeim vanda og leggja fram á stjórnarfundi við fyrsta tækifæri.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom til fundar kl. 12:55.

5. Kjaramálanefnd sambandsins - 1605028SA

Lagðar fram fundargerðir 23. og 24. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 27. september og 25. október 2016.

Sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir fundargerðunum og stöðunni í kjaraviðræðum sem nú standa yfir.

6. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1511020SA

Lagðir fram minnispunktar frá samráðsfundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 23. september 2016.

7. Fundir Jónsmessunefndar 2016 - 1601005SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar – frá 7. september og 5. október 2016.

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins gerðu nánari grein fyrir fundargerðunum.

8. Skýrsla starfshóps um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum - 1606004SA

Lögð fram skýrsla starfshóps um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum, dags. 16. ágúst 2016.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru:

1. Að lög um gistináttaskatt verði endurskoðuð þannig að skatturinn verði hækkaður, undanþágum verði einnig fækkað og að tekjur af skattinum renni a.m.k. að stærstum hlut beint til sveitarfélaga til að standa undir uppbyggingu innviða ferðaþjónustunnar.
2. Starfshópurinn telur eðlilegt og raunar sjálfsagt skref að heimilt verði að taka bílastæðagjald við ferðamannastaði til að standa undir uppbyggingu á þeim.

Jafnframt var lagt fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 25. október 2016, um fasteignagjöld vegna atvinnuhúsnæðis. Í minnisblaðinu er vísað til þess að færst hafi í aukana að fasteignaeigendur leigi

fasteignir út í atvinnuskyni til ferðamanna, án þess að tilkynna sveitarfélagi um breytta notkun húsnæðis og rakin helstu lagaákvæði sem málið varðar.

Eftirfarandi bókanir voru samþykktar samhljóða:

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna að framgangi þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu starfshóps um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum.

Stjórnin telur þá stöðugreiningu og tillögur, sem fram koma í skýrslunni, vera mikilvægt gagn fyrir sveitarfélögin í viðræðum þeirra við ríkið um þetta mikilvæga mál. Að áliti stjórnarinnar er það grundvallarforsenda þess að ferðaþjónusta hér á landi geti talist sjálfbær að tryggt verði eftir megni að sú hraða þróun sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi bitni ekki á opinberri þjónustu við íbúa. Liður í því er að sveitarfélögin fái tekjur til þess að standa undir uppbyggingu og viðhaldi innviða sem nýtast ferðaþjónustunni.

Stjórnin tekur undir þær niðurstöður starfshópsins að það séu einkum tvær leiðir sem eru færar til að tryggja framangreint markmið:

- a. Að lög um gistináttaskatt verði endurskoðuð þannig að skatturinn verði hækkaður, undanþágum verði einnig fækkað og að tekjur af skattinum renni óskertur til uppbyggingar innviða sem nýtast ferðaþjónustunni, þannig að hluti hans renni beint til sveitarfélaga og hluti til úthlutunar á vegum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, og
- b. að heimilt verði að taka bílastæðagjald við ferðamannastaði, til að standa undir uppbyggingu á þeim.

Stjórn sambandsins felur formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir skoðun á því, í samvinnu við innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, hvort ástæða sé til þess að bæta í lög um tekjustofna sveitarfélaga ákvæðum um heimild sveitarstjórna til að endurávarða fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og beitingu skattalegra viðurlaga. Markmið slíkra lagabreytinga væri að koma í veg fyrir tilraunir til þess að greiða lægri fasteignaskatt af húsnæði sem nýtt er í atvinnuskyni.

9. Samningar um lífeyrismál - 1605150SA

Lagt fram samkomulag Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, og samningur fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál, dags. 19. september 2016.

10. Hjúkrunarheimili - rammamningar - 1605114SA

Lagt fram til kynningar undirritað samkomulag, dags. 6. september 2016, um gerð rammamnings milli SÍ og hjúkrunarheimila vegna þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila. Jafnframt lagður fram til kynningar rammamningur, dags. 21. október 2016, milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Einnig lagt fram til kynningar samkomulag um áframhaldandi samningaviðræður milli SÍ, hjúkrunarheimila og dagdvalarstofnana vegna þjónustu í dagdvalarrýmum, sem undirritað var 21. október sl.

Enn fremur lögð fram drög að samkomulagi um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila, ásamt bókun þar sem Samband íslenskra sveitafélaga fellst á að beita sér fyrir því, að sveitarfélög, sem reka hjúkrunarheimili á daggjöldum, skuldbindi sig á sambærilegan hátt og verið hefur til að halda áfram að veita þá mikilvægu þjónustu sem hjúkrunarheimili sinna eftir að gildistíma samkomulags um gerð rammisamnings milli SÍ og hjúkrunarheimila vegna þjónustu í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila lýkur 31. desember 2018.

Framkvæmdastjóri sambandsins gerði nánari grein fyrir framlögðum gögnum og viðræðum um drög að samkomulagi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga.

Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila, sem sveitarfélög reka, var samþykkt með fimm atkvæðum. Gunnar Einarsson greiddi atkvæði á móti og Aldís Hafsteinsdóttir, Elsa Yeoman, Heiða Björg Hilmisdóttir og Margrét Lind Ólafsdóttir sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur fram að hún getur ekki skuldbundið sveitarfélög til að sinna valkvæðum verkefnum fyrir ríkið, né heldur að koma í veg fyrir að þau segi upp samningum um slík verkefni.

11. Öldungaráð sveitarfélaga - 1511068SA

Lagt fram minnisblað rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 14. september 2016, um öldungaráð sveitarfélaga 2016, ásamt viðaukum.

12. Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð - 1511040SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 25. október 2016, um stöðu NPA-verkefnisins í lok október 2016, ásamt fylgiskjölum.

13. Skýrsla um gráu svæðin í velferðarþjónustunni - 1511060SA

Lögð fram skýrsla um gráu svæðin í velferðarþjónustunni, dags. í október 2016. Um er að ræða uppfærða útgáfu af Grábókinni.

14. Hreinsun strandlengjunnar - ósk um fjárhagslegan stuðning - 1610030SA

Lagt fram bréf undirbúningshóps um hreinsun strandlengjunnar, dags. 5. október 2016, þar sem óskað er eftir aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga eða einstakra sveitarfélaga á hreinsun strandlengjunnar.

Samþykkt var að óska eftir minnisblaði frá verkefnisstjóra sambandsins í umhverfis- og úrgangsmálum, sem lagt verði fram á næsta stjórnarfundum.

15. Stjórnarfundir 2017 - 1610002SA

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins árið 2017.

16. Samstarf við Vinnumálastofnun um atvinnumál fatlaðs fólks - 1602043SA

Lagt fram bréf sambandsins til Vinnumálastofnunar, dags. 10. október 2016, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði atvinnumála fatlaðs fólks, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn sambandsins fól framkvæmdastjóra að vinna að farsælli lausn málsins.

Margrét Lind Ólafsdóttir vék af fundi meðan málið var rætt vegna vanhæfis, þar sem hún er starfsmaður Vinnumálastofnunar.

17. Námsgögn í grunnskólum - 1605057SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. ágúst 2016, um athugun sambandsins á kostnaðarþátttöku foreldra vegna kaupa á námsgögnum til persónulegra nota, sbr. 31. gr. grunnskólalaga. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur ekki vera tilefni til þess að breyta eða fella brott gjaldtökuheimildir sveitarfélaga samkvæmt grunnskólalögum. Ef ríkisstjórn eða Alþingi beiti sér fyrir slíkum lagabreytingum áréttar stjórnin að leggja þarf á þær kostnaðarmat og bæta sveitarfélögum þann útgjaldaauka sem leiða myndi af lagabreytingu.

Óháð hugsanlegum lagabreytingum telur stjórnin það mikilvægt að sambandið beiti sér fyrir áframhaldandi umræðu um það hvaða kröfur sé eðlilegt að gera um kaup á námsgögnum til eigin nota fyrir grunnskólanemendur og að sveitarfélög verði áfram hvött til þess að halda þessum kostnaði í algeru lágmarki.

18. Vinnuhópur um endurskoðun kosningalaga - 1511030SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 30. ágúst 2016, um skýrslu og tillögur vinnuhóps forseta Alþingis um endurskoðun kosningalaga. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn sambandsins felur framkvæmastjóra að óska eftir því við innanríkisráðuneytið, að fulltrúar ráðuneytisins og sambandsins hefji sem fyrst vinnu við endurskoðun laga um kosningar til sveitarstjórna þar sem tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga verði hafðar til hliðsjónar.

19. Tilnefning í samráðsvettvang SSH vegna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins - 1609006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 8. september 2016, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd í samráðsvettvang SSH vegna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.

20. Tímabundin tilnefning í siðanefnd sambandsins - 1609024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til siðanefndar, dags. 13. september 2016 þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tímabundið tilnefnd í siðanefnd, vegna vanhæfis Önnu Guðrúnar Björnsdóttur, í máli frá Reykjavíkurborg.

21. Tilnefning í ungmennaráð Menntamálastofnunar - 1606022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Menntamálastofnunar, dags. 17. október 2016, þar sem Guðmunda Bergsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði, Sigurður Ingvi Gunnþórsson, Fjarðabyggð, Hulda Margrét Sveinsdóttir, Akureyrarkaupstað, Sara Rós Hulda Róbertsdóttir, Stykkishólmsbæ, Sindri Smáráson, Reykjavíkurborg, varamaður

hans Eyrún Magnúsdóttir einnig frá Reykjavíkurborg, Bjarki Steinar Viðarsson, Hafnarfjarðarbæ, Berglín Sólbrá Bergsdóttir, Reykjanesbæ, og varamaður hennar Jón Ragnar Magnússon einnig frá Reykjanesbæ eru tilnefnd í ungmennaráð Menntamálastofnunar.

22. Tilnefning í vinnuhóp um ferðamannaleiðir - 1610016SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 19. október 2016, þar sem Örn Þór Halldórsson, sérfræðingur í ferðaþjónustu sveitarfélaga á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í vinnuhóp til að vinna tillögur að því hvernig vinna megi stefnumörkun um ferðamannaleiðir.

23. Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun - 1608028SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngu- nefndar Alþingis, dags. 1. september 2016, um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, 674. mál.

24. Umsögn um eigendastefnu fyrir Þjóðlendum - 1608040SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 1. september 2016, um verkefnislýsingu eigendastefnu fyrir Þjóðlendum.

25. Umsögn um frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð - 1609001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 2. september 2016, um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, 818. mál.

26. Umsögn um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla - 1609004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 5. september 2016, um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla, 779. mál.

27. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur - 1609016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 9. september 2016, um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, 813. mál.

28. Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. - 1609032SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 16. september 2016, um breytingar á almannatryggingakerfinu, 857. mál.

29. Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna - 1609030SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlits- nefndar Alþingis, dags. 16. september 2016, um frumvarp til stjórnskipunarlaganna, 841. mál.

30. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál - 1609029SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 19. september 2016, um breytingar á lögum um húsnæðismál, 849. mál.

- 31. Starfshópur til að fara yfir stöðu breiðbandsvæðingar - 1605154SA**
Lögð fram til kynningar fundargerð starfshóps Ísland ljóstengt frá 26. september 2016.
- 32. Afgreiðsla þingmála á nýloknu Alþingi - 1512015SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 14. október 2016, um afgreiðslu þingmála á nýloknu Alþingi.
- 33. Salernisaðstaða á ferðamannastöðum - 1610026SA**
Lagt fram til kynningar bréf sóttvarnalæknis, dags. 19. október 2016, um salernisaðstöðu á ferðamannastöðum til varnar útbreiðslu sýkla og sýklalyfjaónæmra baktería.
- 34. Ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi - 1512043SA**
Lagðar fram til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 7. og 8. október 2016.
- 35. Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu - 1610031SA**
Lögð fram til kynningar drög að tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2022.
- 36. Skýrsla um lýðheilsustefnu og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi - 1610006SA**
Lögð fram til kynningar skýrsla um lýðheilsustefnu og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi - með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri, dags. 1. september 2016.
Samþykkt var að vekja athygli sveitarfélaga á framangreindri skýrslu um lýðheilsustefnu.
- 37. Íbúalýðræðisferð til Svíþjóðar - 1601034SA**
Lögð fram skýrsla um námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september 2016.
- 38. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins kjörtímabilið 2014-2018 - 1601081SA**
Lagt fram til kynningar minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 26. október 2016, um haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 19.-21. október 2016.

Fundi var slitið kl. 15:07.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Margrét Lind Ólafsdóttir

Jónína Erna Arnardóttir

Ragnar Frank Kristjánsson

Gunnar Einarsson

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari